

## REGLUGERÐ

### **um gildistöku framkvæmdar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 931/2011 um kröfur um rekjanleika, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, að því er varðar matvæli úr dýraríkinu.**

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 1. maí 2012 öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 931/2011 um kröfur um rekjanleika, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, að því er varðar matvæli úr dýraríkinu. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, frá 18. október 2012, bls. 498.

2. gr.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt vegna matvæla í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. október 2012.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Eggert Ólafsson.*